



Bæjarskrifstofur Garðabæjar

b/t Bæjarráðs Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Garðabæ 17. október 2015

Þann 16. janúar 2014 samþykkti bæjarstjórn að skipaður yrði starfshópur undir forystu bæjarstjóra til undirbúnings byggingar fjölnota knatthúss í Garðabæ. Í greinargerð kom fram að verkefni starfshópsins væri að koma fram með tillögu um hvar byggt skuli fjölnota knatthús, af hvaða gerð og stærð og hvenær. Við ákvörðun um fjárfestingu vegna slíkra framkvæmdar væri rétt að hafa í huga að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Við gerð slíks mats skyldi tekið tillit til annarra framkvæmda á vegum bæjarfélagsins og mat lagt á hvenær hægt er að hefja framkvæmdir.

Í nefndinni sátu Stefán Konráðsson, María Grétarsdóttir og Sigurður Guðmundsson, tilnefnd af bæjarráði, Jóhann Steinar Ingibergsson, tilnefndur af Stjórnumni, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Baldur Ó. Svavarsson, arkitekt og Kári Jónsson, íþróttafulltrúi.

Á fyrsta fundi nefndarinnar kom fram að stefnt skyldi að því að skila álit í maí 2014. Haldnir voru 7 fundir hjá nefndinni eða 19 og 26. mars 2., 9. og 16. apríl, 7. maí og 15. september 2014. Álit var ekki skilað í maí eins og til stóð. Á síðasta fundi nefndarinnar þann 15. september 2014 sagði Gunnar fundinn þann síðasta í vinnu nefndarinnar, nú færi málið til áframhaldandi vinnu í skipulagsnefnd Garðabæjar og í vinnu við aðalskipulag bæjarins.

Óskað er upplýsinga um hvort nefndin hafi haft umboð til að starfa eftir að kjörtímabili lauk og ný bæjarstjórn tók við í júní 2014. Af því tilefni er óskað upplýsinga um hvort bæjarstjóri hafi haft umboð til að boða nefndina til fundar 15. september 2014. Einnig er óskað eftir rökstuðningi fyrir umboði bæjarstjóra til að einhliða afsetja nefnd sem ekki hafði skilað niðurstöðum í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar frá 16. janúar 2014.

Óskað er eftir að fundargerðir nefndarinnar verði gerðar aðgengilegar á vef Garðabæjar.

F.h. FÓLKINS- í bænum

María Grétarsdóttir